




Reykjavík, 5. maí 2026
USK26020173

Tillaga að listaverki við Snorrabraut 62 í Reykjavík – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. maí 2026 var lögð fram fyrirspurn Sigrúnar Ingu Hrólfsdóttur. Erindið lítur að uppsetningu á listaverki í almannarými sem er samstarfsverkefni lóðarhafa, Reykjavíkurborgar og listamanns.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Staðsetning á listaverki

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið **Miðborg borgarhluta 2** og er hluti af **Egils-gata-Snorrabraut – Miðsvæði 29**; landnotkun sbr. almennri skilgreiningu miðsvæða í skipulagsreglugerð. Íbúðir heimilar, einkum á efri hæðum. Matvöruverslun er heimil. Svæðið er í **Hverfisvernd 26**; **Reykjavík innan Hringbrautar**, sjá kaflann Borgarvernd í IV. hluta í greinargerð aðalskipulags. Takmarkanir á landnotkun í aðalskipulagi eru **Vaxtamörk þéttbýlis** og **Þróunarsvæði 19**.

Deiliskipulag: Í gildi er **Deiliskipulag stgr. 1.193, Heilsuverndarreitur**, samþykkt í borgarráði 11.04.2003, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Í **Verklagsreglum vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðarhafa um list í almannarými (MSS24010229)** stendur meðal annars:

Í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um gæði og gott umhverfi í borginni er í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt voru á fundi borgarstjórnar þann 1. febrúar 2022, sett fram markmið Reykjavíkurborgar um að ákveðinni fjárhæð verði varið í listsköpun í almenningsrymum á skipulagssvæðinu. Í þessu felst m.a. að áhugaverð listaverk séu hluti af almannarými og einkenni ný skipulagssvæði í borginni. Skal við það miðað að listaverkin séu þáttur í þeirri heildarmynd sem umhverfi og byggingum er ætlað að skapa, auðgi mannlíf og skapi áhugavert umhverfi. Listaverk geta verið hluti mannvirkis eða sjálfstæð verk í eða við mannvirki. Listaverk skulu unnin af öðrum en hönnuði mannvirkis.

Tillagan er að listaverkið RELLA verði staðsett við norðurenda byggingar að Snorrabraut 62, utan lóðarmarka milli gönguleiðar og götu/innkeyrslu. Í dag er svæðið sem lagt er til undir listaverkið ófrágengið og er lagt til að svæðið verði frágengið samhliða uppsetningu á verkinu. Verkið er smíðað úr stáli og verður galvaniserað og stendur á




kónískum (standard) 6-8 m. háum galvaniseruðum ljósastaur (1m. niðurgrafinn). Endanleg stærð á rellunni og hæð á staurnum verða ákveðnar í útfærslu og í samhengi við staðsetningu. Relluspaðarnir (lárétti legubúnaðurinn) verður með hraða-/álagsbremsu til að draga úr hættu á yfirsnúningi. Þvermál rellunnar getur verið frá 1,0 - 1,4m. og ekki er óhugsandi að hún verði máluð í endanlegri útfærslu.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á staðsetningu listaverksins á lóð Snorrabrautar 58 við hlið Snorrabrautar 62.

Leitað var umsagnar eftirtöldum deildum hjá Reykjavíkurborg:

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar og Lóðir, lönd og eignir

- Reykjavíkurborg er lóðarhafi og rekur starfsemi á Snorrabraut 58, í því samhengi hefur tillaga að staðsetningu ekki áhrif á starfsemi þeirrar lóðar.
- Skoðaðar voru aðkomuleiðir að lóð nr. 58 og 62 og hefur staðsetning listaverks ekki áhrif á aðgengi að lóð né innan hennar.
- Við staðsetningu á listaverki á þessum tiltekna stað þarf að hafa eftirfarandi í huga:
 - Á gatnamótum, í götu og gangstétt er töluvert magn af lögnum í jörðu og gæta skal þess við framkvæmd að raska verði ekki á þeim og skal sóna þær/merkja legu þeirra, áður en framkvæmd hefst. Staðsetja skal listaverkið fyrir miðju grasflatar, þar sem engar lagnir eru.



Mynd af Borgarvefsjá, rauður kross er leiðbeinandi staðsetning, ákvörðun á staðsetning skal skoðuð í upphafi framkvæmdar þegar búið er að merkja fyrir núverandi lögnum.





- Framkvæmd og staðsetning á listaverki skal ekki skerða aðkomuleiðir, bæði gangstétt og götu. Tryggja skal að umferðaröryggi við þá staðsetningu sem valin verður.
- Tryggja skal að ekki skapist hávaði frá listaverkinu sem berist til íbúða í húsinu, verður að tryggja það fyrir uppsetningu á verkinu.
- Listaverkið skal ekki staðsett með þeim hætti að það blasi við þegar horft er út um glugga efri hæða hússins. Æskilegt er að rellan sjálf verði staðsett á milli hæða.
- Útsýni úr íbúðum skal ekki skerðast á nokkurn hátt vegna listaverksins.

Niðurstaða

- Skipulagsfulltrúi tekur jákvætt í staðsetningu á listaverki við Snorrabraut 58.
- Fylgja skal umsögnum frá Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og Lóðum, löndum og eignum.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Íris Reynisdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík